

Vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar

1. Öll erindi um nýbyggingar eða mannvirkjagerð á verndarsvæði Breiðafjarðar eiga í upphafi að berast byggingafulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Byggingafulltrúar senda mál til Breiðafjarðarnefndar eða Umhverfisstofnunar, sem eftir atvikum leitar umsagnar Breiðafjarðarnefndar.
2. Við gerð umsagna til Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, hefur Breiðafjarðarnefnd eftirfarandi atriði til hliðsjónar:
 - a. Hvort fyrirhuguð bygging eða framkvæmd brjóti á einhvern hátt í bága við lög um vernd Breiðafjarðar, verndaráætlun fyrir Breiðafjörð eða sérstakar friðlýsingar.
 - b. Hvort bygging eða mannvirki hafi áður verið þar til staðar og hvort bygging eða framkvæmd falli vel að umhverfi sínu í útlitslegu og sögulegu tilliti.
 - c. Hvort um sé að ræða nauðsynlega og eðlilega framkvæmd til búskapar á lögbýli.
 - d. Hvort fyrir liggi upplýsingar um gróðurfar og dýralíf.
 - e. Hvort fyrirhuguð framkvæmd sé mikilvæg vegna öryggissjónarmiða.

Reglum þessum var síðast breytt 16. febrúar 2018.